

Nd.

389. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn raforkustjóra hafa að árslaunum:

1. Raforkumálastjóri	kr. 13000.00
2. Rafmagnsveitustjóri	— 11100.00
3. Rafmagnseftirlitsstjóri	— 10200.00
4. Yfirverkfræðingur áætlanadeildar	— 10200.00
5. Yfirverkfræðingur við jarðboranir	— 10200.00
6. Verkfræðingar	kr. 7200.00—9600.00
7. Aðalbókari, borameistari	— 6600.00—9000.00
8. Gjaldkeri, eftirlitsm. einkarafveitna, birgðavörður rafmagnsveitna	— 6000.00—8400.00
9. Bókarar (1. fl.), teiknarar, eftirlitsm. við lágspennuveitur	— 6000.00—7800.00
10. Bókari (2. fl.)	— 5400.00—7200.00
11. Ritari (1. fl.)	— 4800.00—6000.00
12. Ritari (2. fl.)	— 4200.00—5400.00
13. Ritari (3. fl.)	— 3300.00—4800.00

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgir því svolátandi greinargerð:

Vegna hinna miklu framkvæmda í raforkumálum landsins, sem nú stendur yfir eða eru í undirbúningi, hafa störf rafmagnseftirlits ríkisins aukizt stórkostlega síðan launalög, nr. 60 1945, voru sett. Eftir gildistöku hinna nýju raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946, hefur forstöðumaður rafmagnseftirlitsins verið skipaður raforkumálastjóri (sbr. 4. gr.) og stofnuninni skipt í sjálfstæðar deildir. Auk aðalskrifstofunnar heyra beint undir raforkumálastjóra áætlanadeild og jarðboranir. Jafnframt hafa verið stofnuð embætti rafmagnsveitustjóra (5. gr. l. 12/1946) og rafmagnseftirlitsstjóra (43. gr. l. 12/1946), ásamt tilheyrandi skrifstofum, allt undir yfirstjórn raforkumálastjóra. Þykir óhjákvæmilegt að breyta launalögunum til samræmis við þessi nýju viðhorf, og er frv. þetta í því tilefni fram komið.